



# Reglur Fjarðabyggðar um þjónustuþbúðir fyrir eldra fólk

## I. kafli

### Almennt um þjónustuþbúðir

#### 1. gr.

##### Skilgreining

Með þjónustuþbúð er átt við hverja þá leiguþbúð sem er sérstaklega ætluð eldra fólk sbr. 4. tl. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og leigð er út í samvinnu og samráði við fjölskyldusvið Fjarðabyggðar. Þjónustuþbúðir fyrir eldra fólk eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Þjónustuþbúðir eru klasar íbúða þar sem gætt hefur verið að aðgengis- og öryggismálum. Þar er m.a. boðið upp á innlit frá starfsmanni, þrif á sameign, heimahjúkrun og öryggisvöktun. Íbúum stendur til boða að kaupa hádegismat, skv. gjaldskrá Fjarðabyggðar.

#### Íbúðir fyrir eldra fólk – almenn stuðningsþjónusta

Með íbúðum fyrir eldra fólk er átt við klasa íbúða þar sem til staðar er þjónusturými. Við byggingu og frágang íbúða hefur verið gætt að aðgengis- og öryggismálum, s.s. með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggishnöppum. Í þjónusturýmum er aðstaða fyrir þá aðila sem veita heimaþjónustu, heimahjúkrun og aðra þjónustu samkvæmt einstaklingsbundnum umsóknum.

Starfsmaður heimaþjónustu er til staðar á virkum dögum frá kl. 8:30 – 16:30 og frá kl. 10:00 – 16:00 um helgar. Öryggisvakt er til staðar allan sólarhringinn í formi öryggishnappa.

#### 2. gr.

##### Markmið

Markmið með rekstri þjónustuþbúða er að mæta þörfum íbúa sem þar búa, stuðla að sjálfstæði þeirra s.s. hvað varðar heimilishald og stuðla að sem mestri sjálfsbjargargetu hvers og eins. Þeim er ætlað að vera íbúum hentugur bústaður þar sem þeir geta haldið eigin heimili sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fólk geti búið sjálfstætt sem lengst.

Þjónustuþbúðir eru úrræði fyrir eldra fólk sem þarf stuðningsþjónustu samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjali og/eða ef að þegar heimili einstaklings er óhentugt með tilliti til aðgengis.

#### 3. gr.

##### Þjónustuþbúðir

Þjónustuþbúðir sem úthlutað er í eftir reglum þessum eru í Breiðabliki í Neskaupstað. Annars vegar er um einstaklingsíbúðir að ræða og hins vegar hjónaþbúðir.

Innheimt er leigu- og þjónustugjald í þjónustuþbúðum sbr. 20. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, sbr. gjaldskrá þjónustuþbúða.

Innheimta hefst þegar leigusamningur hefur verið undirritaður.



## II. kafli

### Réttur til umsóknar

#### 4. gr.

##### **Hverjir geta sótt um þjónustuíbúðir**

Forsenda þess að geta sótt um þjónustuíbúð er að umsækjandi uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Umsækjandi hafi náð 67 ára aldri.
- b) Eigi lögheimili í Fjarðabyggð.
- c) Umsækjandi sé í þörf fyrir aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili sbr. matsviðmið skv. 7. gr. reglna þessara. Umsækjandi sé að mati ráðgjafa sem og annarra sérfræðinga sem málið þekkja í þörf fyrir þjónustu og stuðning sem ekki er unnt að veita í núverandi húsnæði umsækjanda.

#### 5. gr.

##### **Undanþágur frá skilyrðum**

Heimilt er að veita undanþágur frá skilyrðum 4. gr. um lögheimili við eftirfarandi aðstæður:

- a) Umsækjandi hefur búið í Fjarðabyggð stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarféluginu vegna húsnæðisvanda eða vinnu.
- b) Umsækjandi er samkvæmt faglegu mati ráðgjafa í erfiðum félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum og heilsufarslegar aðstæður eru slæmar sbr. liði A, B, og D í matsviðmiði sbr. fylgiskjal.

## III. kafli

### **Umsóknir um þjónustuíbúðir, mat á þjónustubörf, forgangsröðun o.fl.**

#### 6. gr.

##### **Umsókn um þjónustuíbúð**

Sótt er um þjónustuíbúðir hjá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar í íbúagátt á heimasíðu Fjarðabyggðar ([www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)). Umsókn skal fylgja læknisvottorð eða annar rökstuðningur fagaðila sem staðfestir börf einstaklings fyrir þjónustuíbúð.

Auglýst er eftir umsóknum á þriggja mánaða fresti á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### 7. gr.

##### **Mat á börf fyrir þjónustuíbúð**

Uppfylli umsækjandi skilyrði a og c liðar 4. gr. fer fram mat á aðstæðum umsækjanda skv. b lið 4. gr. og a og b lið 5. gr. Til grundvallar liggja upplýsingar um heilsufar og félagslegar aðstæður umsækjanda ásamt þjónustubörf og húsnæðisstöðu. Umsækjandi verður að hafa að lágmarki 4 stig samtals sbr. A og B lið í matsviðmiði til að umsókn öðlist gildi.

Eftir að umsókn hefur verið móttokin boðar ráðgjafi til fundar og metur aðstæður umsækjanda. Á fundinum er m.a. farið yfir matsviðmið, sbr. fylgiskjal.

Sé umsækjandi með fleiri stig en 20 telst þjónustuíbúð í Breiðabliki ekki mæta þörfum umsækjanda og því í börf fyrir sérhæfðara úrræði.



### 8. gr.

#### **Forgangsröðun umsókna**

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. og 7. gr. raðast umsóknin í forgangsröð eftir ákveðnum matsviðmiðum sbr. fylgiskjal 1, þar sem m.a. er haft til hliðsjónar núverandi heilsufar, félagslegar aðstæður og húsnæðisstaða. Greining skv. matsviðmiði er höfð til hliðasjónar við úthlutun á þjónustuþbúðum.

Tekið er mið af aldri umsókna við mat á forgangsröðun þeirra.

### 9. gr.

#### **Skriflegt svar**

Umsækjandi fær skriflegt svar sem sent er í íbúgátt þar sem fram kemur hvernig umsókn hans var metin skv. 7. gr. þessara reglna.

### 10. gr.

#### **Upplýsingar um aðstæður**

Umsækjandi skal vera í tengslum við fjölskyldusvið á biðtímanum og gera grein fyrir breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á fyrirriggjandi mat á þeim. Starfsmenn fjölskyldusviðs veita umsækjanda upplýsingar um stöðu á biðlista, endurmeta aðstæður og veita félagslega ráðgjöf ef þurfa þykir.

Ef að umsækjendur hafa fengið hjónaþbúð til úthlutunar, skulu þeir gera grein fyrir breytingum sem verða á aðstæðum og hafa áhrif á þörf fyrir stærð íbúðar, s.s. vegna langvinnra veikinda eða andláts.

Breytist aðstæður umsækjenda verður flutningur umsækjanda í einstaklingsíbúð sett í forgang, skv. ákvæði í leigusamningi þar um.

### IV. kafli

#### **Úthlutun**

### 11. gr.

#### **Úthlutun á þjónustuþbúð**

Úthlutun þjónustuþbúða fer fram á fundum meðferðarteymis fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar.

### 12. gr.

#### **Tilkynning um úthlutun**

Þegar umsækjandi hefur fengið úthlutaða þjónustuþbúð fær hann skriflega tilkynningu þar um sem send er í íbúagátt. Þar er viðkomandi bent á að hafa samband við forstöðumann stuðnings- og heimaþjónustu eða starfsmann fjölskyldusviðs eftir því sem við á, til að skoða húsnæðið og til undirritunar leigusamnings.

Viðkomandi er veittur sjö daga frestur til þess að tilkynna hvort að hann þiggur þjónustuþbúðina.

### 13. gr.

#### **Leigusamningur o.fl.**

Starfsmenn fjármála- og framkvæmdasviðs sjá um frágang leigusamninga.



Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar gerir tillögu til bæjarráðs um fjárhæð þjónustugjaldar í þjónustuúbúðum. Húsaleiga og þjónustugjöld taka breytingum á hverjum tíma í samræmi við þær ákvarðanir.



## V. kafli Málsmeðferð

### 14. gr. Könnun á aðstæðum

Könnun á aðstæðum umsækjanda skal fara fram svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

### 15. gr. Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

### 16. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Starfsmenn þjónustuþúða eru bundnir þagnarskyldu um þau atriði er þeir komast að í starfi sínu. Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.

### 17. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Fjarðabyggðar.

### 18. gr. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu vegna umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna.

Par sem starfsmenn hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd fjalli um umsóknina.

Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

### 19. gr. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.



**20. gr.  
Gildistaka**

Reglur þessar eiga við um alla þá sem sækja um þjónustuíbúð eftir gildistöku reglnanna.

Fjarðabyggð, 19.01.2023

Jón Björn Hákonarson  
Bæjarstjóri

Samþykkt af félagsmálanefnd þann 11.01.2023

Samþykkt af bæjarráði þann 16.01.2023

Samþykkt af bæjarstjórn þann 19.01.2023



Fylgiskjal

## Mat á þörf og forgangsröðun biðlista eftir þjónustuþúðum í Fjarðabyggð

Þjónustuþúðir í Fjarðabyggðar eru ætlaðar fólk sem þarf meiri aðstoð og stuðning en hægt er að veita í heimahús, en heilsufar ekki orðið það slæmt að þörf er fyrir hjúkrunarheimili. Grundvallarþættir mats fyrir þörf á þjónustuþúð eru því líkamlegt og andlegt heilsufar umsækjanda.

1. Ef heilsufar umsækjanda (líkamlegt og andlegt) er metið til **færri en 4 stiga** er umsókn synjað.
2. Ef heilsufar umsækjanda (líkamlegt og andlegt) er metið til **samtals 4 stiga** eru aðstæður umsækjanda skoðaðar nánar.
3. Ef heilsufar umsækjanda er metið til **20 stiga eða meira** er umsókn synjað og viðkomandi leiðbeint að sækja um á hjúkrunarheimili. Ástæðan er sú að ástand umsækjanda er metið slíkt að hann þarf frekar á hjúkrunarheimili að halda en þjónustuþúð. Sama viðmið er þegar sótt er um hjónaþúð, þ.e. ef að annar einstaklingurinn er metinn til 20 stiga eða fleiri er umsókn synjað.

### A – LÍKAMLEGT HEILSUÐAR

	STIG
Gott	0
Ábótavant	2
Lélegt	4
Slæmt	6
Verulega slæmt	20

### B – ANDLEGT HEILSUÐAR

	STIG
Gott	0
Ábótavant	2
Lélegt	4
Slæmt	6
Verulega slæmt	20

Ef umsækjandi hefur verið metinn í þörf fyrir þjónustuþúð vegna heilsufars er einnig tekið tillit til eftirfarandi þáttu í forgangsröðun á biðlista.

**C – ALDUR UMSÆKJANDA**

Yngri en 75 ára  
75 ára til 84 ára  
85 ára og eldri

**STIG**  
0  
1  
3

**D – FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR**

Góðar  
Lélegar  
Erfiðar  
Neyðarástand

**STIG**  
0  
1  
3  
5

**E – HÚSNÆÐISAÐSTÆÐUR**

Góðar  
Ábótavant  
Verulega erfíðar  
Neyðarástand

**STIG**  
0  
1  
3  
5

**F – ALDUR UMSÓKNAR**

Ný umsókn  
Eldri en eins árs  
Eldri en tveggja ára  
Priggja ára og eldri

**STIG**  
0  
1  
2  
3